

Staðsetning holu 11, Siglufirði

**Gísli Karel Halldórsson, Kristján Sæmundsson, Ólafur G.
Flóvenz, Guðmundur Sigurðsson**

Greinargerð GKH-KS-ÓGF-GS-81/08

STAÐSETNING HOLU 11 SIGLUFIRÐI

Hola 11 er staðsett til þess að skera flöt sem virðist vera vatnsleiðandi. Skurðflötur þessa flatar kemur fram á yfirborði í segulmælingum sem sýndar eru á mynd 2.2 í skýrslu JHD16 frá 1979, og einnig í viðnámsmælingum sem gerðar voru sumarið 1981. Þegar bornar eru saman æðar í holum og segulmælingar, þá virðist halli flatarins vera 8.4° til austurs frá lóðréttu. Ef bornar eru saman viðnámsmælingar og æðar í holum, virðist hallinn vera 5.2° til austurs frá lóðréttu. Lagt er til að ný hola, hola 11 verði staðsett 60 m. austar holu 7. Stærsta æðin í holu 7 er á 550 m. dýpi. Ef hallinn á ganginum er 8.4° , þá mun hola 11 skera ganginn 406 m. neðar en hola 7. Hola 11 mun standa um 9 m. ofar en hola 7. Hola 11 ætti því að skera ganginn á um 965 m. dýpi. Ef miðað er við skurðflöt á yfirborði samkvæmt viðnámsmælingum, og hallanum á ganginum 5.2° , þá ætti hola 11 að skera ganginn á 1160 m. dýpi. Miðað við hvernig vatns-hiti vex með dýpi, þá ætti vatn úr holu 11 að verða um 80°C heitt.

Ef borun holu 11 tekst, þá má gera ráð fyrir að hola 7 verði ekki nothæf sem vinnsluhola. Hola 11 verður fóðruð niður á 300-350 m. dýpi. Sett verður djúpðæla í holuna, og vatnsborð dregið niður. Vatnsborð í holu 7 mun þá fara niður fyrir núverandi dæludýpi (134m.) og mun hola 7 þá detta út sem vinnsluhola ef ekki verður hægt að setja dæluna neðar.

Borplan:
Holu 11.

